

# STAÐA INNFLYTJENDA Á ÍSLENSKUM VINNUMARKAÐI
## NIÐURSTÖÐUR ÚR ÚTTEKT OECD

47. þing BSRB – málefnahópur um jafnrétti
Reykjavík, 3. október 2024
Hlöðver Skúli Hákonarson

OECD
BETTER POLICIES FOR BETTER LIVES

# Hvergi hefur innflytjendum fjölgað jafn hratt og á Íslandi

- Hlutfall innflytjenda af heildarfjölda landsins hefur **tvöfaldast** á síðasta áratugi
- **80%** af innflytjendum koma frá EES



# Atvinnuhlutfall innflytjenda er það hæsta innan OECD

**Atvinnuhlutfall innfæddra og innflytjenda**
15- to 64-year-olds, pooled 2021-2022




- Atvinnuhlutfall (**83%**) og atvinnuþátttaka (**89%**) innflytjenda er það hæsta innan OECD
- **Kynjabil** á vinnumarkaði eru einnig hvergi lægri, en atvinnuhlutfall innflytjendakvenna er nálægt hlutfalli innfæddra kvenna og karlkyns innflytjenda

# Mannauður innflytjenda er vannýttur

**Ofhæfni (e. *overqualification*) meðal innflytjenda**
Vinnualdur, 2021-2022




- Störf í ferðaþjónustu, þrifum, matvælaiðnaði og veitingaþjónustu stórauka líkurnar á ofhæfni (**30 prósentustiga aukning**)
- **42%** innflytjenda hafa fundið störf sín í gegnum tengslanet, á móti **27%** af innfæddum

# Hlutfall innflytjenda á atvinnuleysisskrá fer hækkandi

- Síðastliðinn áratug hefur innflytjendum fjölgað úr **10% í 20%**, en hlutdeild þeirra meðal atvinnulausra úr **15% to 50%**
- Innflytjendur frá EES eru jafn líklegir til að vera atvinnulausir og þeir sem koma utan EES, sem er mjög óvenjulegt
- **Virkniúrræði** VMST virðast ekki sniðin að þörfum þeirra sem þau þurfa
  - Innflytjendur sækja þau í minna mæli en innfæddir og þau virðast virka verr
- **Tölfræði um atvinnustöðu** eftir notkun virkniúrræða er ekki til staðar

# Tungumálafærni innflytjenda er sú lægsta innan OECD

**Færni í opinberu tungumáli**

Hlutfall innflytjenda með góða færni í tungumáli síns lands, valin OECD lönd, 15-64 ára, 2021 (2024 fyrir Ísland)




- **80%** af innflytjendum á Íslandi hefur setið minna en **180 klukkustundir** af tungumálatímum

*Af hverju er það áhyggjuefni?*

- 46% þeirra innflytjenda sem hafa átt í erfiðleikum með að finna vinna nefna **skort á tungumálakunnáttu** sem meginástæðu
- Tungumálafærni eykur líkurnar á að finna störf með hærri hæfniskröfur

# Útgjöld til tungumálakennslu eru ekki mikil

**Útgjöld til tungumálakennslu fyrir fullorðna innflytjendur**
Árleg útgjöld til tungumálakennslu í hlutfalli við fjölda innflytjenda í völdum OECD ríkjum, evrur á mann, fast verðlag 2023




- Útgjöld á Íslandi eru talsvert lægri en í samanburðarríkjum

# Margir innflytjendur frá EES setjast hér að

**Margir EES innflytjendur eru hér til lengdar**

Varðveisluhlutfall EES innflytjenda í völdum Evrópuríkjum, 15 ára og eldri




- **51%** innflytjenda frá EES löndum dvelja enn í landinu eftir fimm ár
- **6 af hverjum 10** innflytjendum ætla sér að dvelja í landinu til frambúðar
- Flóttafólk og fjölskylduinnflytjendur eru líklegastir til að vilja vera hér til frambúðar

# Börn innflytjenda koma illa út úr námsmælingum

**PISA stig í lesskilningi**
15 ára nemendur, 2022




- Munur á lesskilningi þeirra innflytjendabarna **sem tala íslensku heima og þeirra sem gera það ekki** nemur 81 stigum (eða 3 ára skólagöngu), mesti munur innan OECD
- **Leikskólaganga** fyrir 4 ára aldur minnkar mun milli barna af erlendum uppruna og annarra
  - Hins vegar er **aðsókn í leikskóla** meðal barna af erlendum uppruna talsvert lægri og hefur farið lækkandi – **heimgreiðslur** gætu átt þátt í þessari þróun

# Samantekt

- Staða innflytjenda á vinnumarkaði er almennt góð
- Tækifæri til umbóta á eftirfarandi sviðum:
  - **Íslenska**
  - **Starfsgæði**
  - **Gögn**
- Þarfir innflytjenda frá löndum innan EES eiga skilið meiri athygli
  - Þeir telja 80% af innflytjendum og margir setjast hér að

# Tillögur

## Efla gagnainnviði

- Tryggja að fæðingarland sé lykilbreyta í öllum helstu gagnasöfnum
- Fylgjast stöðugt með árangri innflytjenda, einkum með stöðluðu tungumálaprófi
- Veita grunnupplýsingar um atvinnuárangur innflytjenda sem nota vinnumarkaðsúrræði

## Bæta tungumálakennslu

- Bæta **framboð** á tungumálakennslu og **aðgengi** að henni
- Tryggja að sambærileg gæði námskeiða séu í boði um allt land
- Bjóða upp á **ódýrari kennslu fyrir innflytjendur frá EES** löndum sem vilja setjast hér að
- Endurskoða **endurgreiðslukerfið** sem dregur úr þátttöku vegna hás fyrirframkostnaðar

## Nýta betur hæfni innflytjenda

- Gera **brúarnám** aðgengilegra
- Auka vitund um viðurkenningu og mat á námi, t.d. með því að hafa þau hluta af félagslegri þjónustu fyrir þennan hóp

## Veita börnum innflytjenda meiri athygli

- Koma á **reglulegu mati** á tungumálakunnáttu í skólum og skipuleggja stuðning í samræmi við það
- Leggja niður **heimgreiðslur** og nýta fjármagnið til að bæta aðgengi að leikskólum